

Allsherjarnefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarasdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 7. maí 2004

Efni: Umsögn aðalfundar BHM um 974. mál
Breyting á útvarpslögum og samkeppnislögum

I

Visað er til bréfs yðar, dags. í gær, 6. maí 2004, varðandi umsögn um 974. mál, frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993. Eftirfarandi er umsögn aðalfundar Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið sem innan við sólarhringsfrestur er gefinn til þess að gefa en BHM barst boð allsherjarnefndar Alþingis um umsögn í gærkvöldi.

Málið var tekið fyrir á milli boðaðra dagskrárliða á aðalfundi – en aðalfundur BHM, sem haldinn er á 2ja ára fresti, var haldinn í dag, 7. maí 2004. Að tillögu fundarstjóra var málið sett í ad hoc nefnd sem skipuð var á fundinum, en í henni sátu eftirfarandi aðalfundarfulltrúar: Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Helgi Gestsson, fulltrúi Félags háskólakennara á Akureyri, Höskuldur Þórhallsson, fulltrúi Stéttarfélags lögfræðinga, Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna, og Sigurjón Valdimarsson, formaður Félags tækniháskólakennara.

Nefndin ræddi málið á sérstökum fundi og lét í kjölfarið semja eftirfarandi umsögn sem dreift var á meðal um 100 aðalfundarfulltrúa og borin upp til atkvæða í heild sinni. Var umsögn þessi, svo breytt, samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum eftir umræður.

II

Bandalag háskólamanna tjáir sig að jafnaði ekki um þjóðfélagsmál nema málið tengist réttindum og kjörum félagsmanna aðildarfélaga BHM eða að um sé að ræða grundvallaratriði varðandi þjóðfélagsskipan eða lýðræði. Mat aðalfundur BHM samhljóða í sérstakri atkvæðagreiðslu að hér væri um að ræða slíkt grundvallaratriði og lætur BHM því málið til sín taka.

III

Aðalfundur BHM telur meðferð málsins í ríkisstjórn, fyrir Alþingi og með þessum skamma fresti til umsagnar um málið ekki boðlega og ekki standast leikreglur lýðræðisins. BHM telur rétt að stofnanir bandalagsins og aðrar þjóðfélagsstofnanir fái lengri frest til þess að fjalla um svo veigamikil mál – bæði frumvarpið sjálft og þá itarlegu skýrslu sem fylgir sem fylgiskjal með frumvarpinu. Gerir bandalagið ráð fyrir að geta veitt frekari efnislega umsögn um málið í haust þegar gefist hafa nokkrar vikur eða mánuðir til rökstuddrar umfjöllunar í stofnunum BHM.

Þrátt fyrir afar skamman og gagnrýnisverðan frest til þess að gefa umsögn um málið telur aðalfundur BHM sér fært að álykta eftirfarandi um málið efnislega.

Að því er hina pólitísku hlið málsins varðar telur aðalfundur BHM eðlilegt að rætt verði almennt um hvort nauðsyn sé frekari löggjafar um eignarhald og hringamyndun á Íslandi – en ekki aðeins á tilteknum sviðum, svo sem á sviði fjölmiðlunar eins og í þessu tilviki. Í þeirri umræðu – hjá þingi og þjóð – þarf að fara fram altæk umræða um það efni og fagleg umræða um stöðu fjölmiðla og áhrif á Íslandi.

Varðandi lagalega hlið málsins telur aðalfundur BHM að verndarhagsmunir, er lúta að frelsi til fjölmiðlunar, séu aðrir og meiri en þegar rætt er um framboð á vöru og þjónustu almennt; verndarhagsmunir almennt lúta einkum að því að samkeppni stuðli að fjölbreytni og góðu verði fyrir neytendur. Verndarhagsmunir á sviði fjölmiðlunar lúta hins vegar fremur að frjálsri tjáningu, skoðanamyndun og áhrifum á þjóðfélagsþróun. Að því sögðu telur aðalfundur BHM vafa leika á því að frumvarp það sem hér er til umsagnar standist stjórnarskrána (stjkskr.).

Í fyrsta lagi vísar aðalfundur BHM til 1. mgr. 65. gr. stjkskr. þar sem jafnræðisregla er skráð. Áður en jafnræðisregla var skráð í stjkskr. 1995 var henni beitt af Hæstarétti í máli er beindist einmitt að félagsmönnum aðildarféлага BHMR eins og samtökin nefndust þá (H 1992:1962). Taldi meirihluti (5:2) Hæstaréttar að áunninn réttur yrði ekki skertur með svo sértækum hætti eins og þar var reynt. Telur aðalfundur BHM álitamál hvort lög – eins og frumvarp þetta hefur verið rökstutt – teljist nægilega almenns eðlis til þess að standast jafnræðisreglu stjkskr.

Í öðru lagi vísar aðalfundur BHM til 73. gr. stjkskr. sem mælir nú fyrir um tjáningarfrelsi en ekki einungis prentfrelsi eins og áður var. Þar segir að ritskoðun og „aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi“ megi aldrei í lög leiða. Telur aðalfundur BHM vafa leika á að með frumvarpi þessu séu uppfyllt skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. fyrir skorðum á tjáningarfrelsi.


Í þriðja lagi telur aðalfundur BHM álitamál hvort skilyrði 1. mgr. 75. gr. fyrir skerðingu á atvinnufrelsi teljist uppfyllt með því að „almannahagsmunir“ krefjist þess sem lagt er til í frumvarpinu.

Loks telur aðalfundur BHM í fjórða lagi að sá skammti frestur (2 ár) sem veittur er til þess að laga sig að kröfum frumvarpsins, verði það að lögum, valdi því að frumvarpið teljist að líkindum svo afturvirk og harkalegt gagnvart tilteknum aðilum að vafasamt sé hvort það samræmist eignarréttarákvæði 1. mgr. 72. gr. stjkskr. – enda sé meginreglan sú að þá skuli lagafrumvarp mæla fyrir um bótaskyldu og málsmeðferð við mat á bótum.

Ekki hefur gefist tækifæri til þess að meta af hálfu aðalfundar BHM hvort frumvarpið standist alþjóðlegar eða yfirþjóðlegar skuldbindingar og hvetur BHM því enn til þess að Alþingi gefi ráðrúm til þess að það verði kannað til hlitar.

Aðalfundur BHM 7. maí 2004 mælir eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. aðalfundar BHM 7. maí 2004,



Gísli Tryggvason, framkvæmdarstjóri BHM.